

Skútustaðahreppur  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Selfoss, 26.11.2024  
UST202401-426/H.M.V.  
08.14.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 12. september 2024 - Þingeyjarsveit, urðunarstaður við Kollóttuöldu á Hólasandi, ID nr. 482.**

Þann 12. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Þingeyjarsveitar við Kollóttuöldu á Hólasandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en úrbótum vegna eldra fráviks er ólokið þar sem fullnægjandi úrbótum hefur ekki verið náð fram miðað við frágang svæðis. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og voru áætluð verklok á hreinsun við Kollóttuöldu miðuð við þann 30. júní 2024. Rekstraraðili hefur sótt um niðurfellingu starfsleyfis.

Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærði tímasettri áætlun um hreinsun svæðis og frágangs á urðunarstað og samræmis við deiliskipulag. Lokun urðunarstaðar skal fara samkvæmt gr. 23 og 24 í reglugerð nr. 738/2003, sbr. gr. 1.6 og 3.11 í starfsleyfi. Uppfæra þarf lokunaráætlun eftir þeim leiðbeiningum sem komu fram í skýrslu úr eftirliti 2023 ef við á þegar frágangur og samræming við deiliskipulag liggur fyrir (sjá frekari umfjöllun í skýrslu eftirlits 2024).

Lokun urðunarstaðar, eða hluta hans, telst ekki endanleg fyrr en Umhverfisstofnun hefur látið fara fram lokaskoðun á vettvangi, metið allar skýrslur sem rekstraraðili hefur lagt fram og ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir. Þegar mat á lokunaráætlun liggur fyrir verða drög að lokunarfyrirmælum útbúin, sem send verða á rekstraraðila og ef við á landeigenda.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. desember 2024.**

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur